

Knattspyrnufélagið Haukar
Pósthólf 14
222 Hafnarfjörður



Vestmannaeyjum 28. janúar 2016
UST201512-114/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi - Ásvellir

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Knattspyrnufélags Hauka dags. 17. desember 2015, um leyfi til framkvæða innan friðlandsins við Ástjörn.

Ástjörn er friðland sbr. auglýsingu nr. 139/1978 í Stjórnartíðindum B. Innan friðlandsins er öll mannvirkjagerði og allt jarðrask bannað nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð um svæðið er óheimil á tímabilinu 1. maí til 15. júlí vegna varps fugla. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og skaða varp.

Lýsing framkvæmdar:

Til stendur að reisa knatthús á íþróttasvæði Hauka sem er við mörk friðlandsins. Það svæði sem um ræðir hefur verið knattspyrnuvöllur um árabíl sem nær inn í friðlandið. Jarðrask mun eingöngu vera inn á grasvellinum. Gert er ráð fyrir að knatthúsið muni ná lengst 3 metra inn í friðlandið en gera má ráð fyrir að gróftur í kringum grunn húsins verði í kringum 1 metra frá endanlegu byggingarsvæði. Létt girðing verður sett upp í 2-3 metra fjarlægð frá grunninum til að afmarka vinnusvæði. Girðinginn verður fjarlægð að framkvæmdum loknum. Framkvæmdartími er ekki komin á hreint.

Áhrifamat:

Að mati Umhverfisstofnunar er rask vegna framkvæmdarinnar í lágmarki og ekki til þess fallið að skerða verndargildi svæðisins. Stofnunin veitir því leyfi fyrir framkvæmdinni innan friðlandsins eins og lýst er hér að ofan með eftirfarandi skilyrðum:


- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar um frávik á ofangreindri verklýsingu.
- Að dýralíf verði ekki fyrir truflun.
- Framkvæmdir innan friðlandsins fari fram utan lokunartíma svæðisins sem er 1. maí til 15. júlí.
- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algeru lágmarki.
- Gætt verður að mengunarvörnum vélknúina farartækja til að koma í veg fyrir að mengandi efni losni út í umhverfið.
- Hraun verði ekki raskað.
- Húsið falli vel að umhverfinu.
- Til að draga úr sjónrænum áhrifum byggingarinnar verði haft samráð við Umhverfisstofnun um efnisval ofan á uppfyllingu grunnsins innan friðlandsins.
- Akstur vélknúina farartækja verði bundinn við grunn húsins til að takmarka rask.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Umhverfisstofnun verði látin vita þegar framkvæmdir hefjast og þeim lýkur.


Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 11.900 kr/klst.

- Stofnunin bendir á leita þarf samþykkis fyrir framkvæmdinni frá Hafnafjarðarkaupstað.
- Umhverfisstofnun óskar eftir því að framkvæmdir við bygginguna/jarðvegsvinnu utan friðlýsta svæðisins fari fram utan varptíma ef hægt er til að minnka líkurnar á að dýralíf innan friðlandsins verði fyrir truflunum.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðstjóri


Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur